Nr. 434 26. apríl 2011

# GJALDSKRÁ

**Vatnsveitu Mosfellsbæjar.**

1. gr.

*Vatnsgjald.*

Almennt vatnsgjald skal vera 0,1% af fasteignamati mannvirkja og lóða. Gjalddagar almenns vatnsgjalds eru þeir sömu og bæjarstjórn ákveður hverju sinni vegna álagðra fasteignagjalda í sveitarfélaginu.

2. gr.

*Heimæðagjöld.*

Gjald vegna heimæðagjalda skal vera sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 32 mm rör | 132.025 | kr. án vsk. |
| 40 mm rör | 175.855 | kr. án vsk. |
| 50 mm rör | 253.053 | kr. án vsk. |
| 63 mm rör | 484.107 | kr. án vsk. |
| 75 mm rör | 692.603 | kr. án vsk. |
| 90 mm rör | 860.630 | kr. án vsk. |
| 110 mm rör | 958.379 | kr. án vsk. |
| 140 mm rör | 1.074.845 | kr. án vsk. |
| 180 mm rör | 1.290.416 | kr. án vsk. |

Stærð heimæðar er ákvörðuð af Vatnsveitu Mosfellsbæjar í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem heimæð er styttri en 50 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern metra umfram 50 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðagjöldum viðkomandi málstærðar. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðagjöld að nýju.

Gjald vegna tengingar vinnuvatns er kr. 63.478 án vsk.

3. gr.

*Mælagjöld.*

Gjald vegna rennslismæla skal vera sem hér segir:

| Stærð mælis | Verð kr./dag |
|---|---|
| 15 mm | 23,98 |
| 20 mm | 26,37 |
| 25 mm | 34,05 |
| 32 mm | 37,63 |
| 40 mm | 47,80 |
| 50 mm | 56,11 |
| 80 mm | 151,16 |
| 100 mm | 154,76 |

4. gr.

*Graftrargjöld.*

Gjald vegna ídráttarröra, fleyginga og sprenginga.

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist vegna skurðgraftar kr./lengdarmetra 7.449.

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft sbr. 1. mgr., sem innheimtist eftirá:

| Klaki/klöpp: | dýpt sm: | kr./lengdarmetra: |
|---|---|---|
| klaki/klöpp | < 30 | 2.378 |
| klaki klöpp | > 30 | 4.799 |

5. gr.
*Aukavatnsgjald.*

Aukavatnsgjald til stórnotenda er 29,42 kr./m³.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1033/2009.

*Mosfellsbæ, 26. apríl 2011.*

**Stefán Ó. Jónsson,**
framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs.

B-deild – Útgáfud.: 29. apríl 2011